

✉ Re: beiðni um umsögn

Búið til	7.5.2021 11:27:26
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	7.5.2021 11:27:24
Tilheyrir	 202105-0004 - Leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Háubakka

Efni

Re: beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	7.5.2021 11:27:24	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Komdu sæl,

Tilvísun í mál nr. 202105-0004

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 3. mars 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til Veitna vegna framkvæmda innan náttúruvættisins Háubakka. Í umsögninni þarf að koma fram hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á jarðminjar svæðisins og hvort hætta sé á hruni úr bökkunum með tilkomu öryggisútrásar fyrir regnvatn.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og telur að framkvæmdin muni hafa lítil sem engin áhrif á jarðminjar náttúruvættisins Háubakka. Framkvæmdin felur í sér að bæta fráveitukerfi og lögð verður öryggisútrás fyrir regnvatn ofan við Háubakka. Framkvæmdin liggur utan við friðlýsta svæðið og hún hefur ekki bein áhrif á það. Miðað við lýsingu framkvæmdar er ekki talið líklegt að hrun úr bökkunum aukist frá því sem nú er, eftir að öryggisútrásin er komin.

Náttúrufræðistofnun mælist til þess að á framkvæmdartíma sé gætt fyllstu varúðar með tillit til friðlýsta svæðisins og að allur frágangur verði til fyrirmyndar. Þá er æskilegt að starfsmaður Umhverfisstofnunar líti til með svæðinu meðan á framkvæmdum stendur.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: beiðni um umsögn
Date: 3.5.2021 13:31:34

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Veitum, dags. 15. apríl 2021, um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Háubakka.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknarinnar og hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa á jarðminjar á svæðinu og hvort hætta sé á aukinni hrunhættu úr bökkunum með tilkomu útrásarinnar. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 7. maí 2021

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image001.png (5 KB)

